

Húnavatnshreppur
Sveitarstjóri Jens Pétur Jenson
Húnavöllum
541 Blönduós



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. janúar 2014
Tilvísun: UST20131200145/bs


Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010 - 2024 - Lýsing - Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar. Umsögn


Vísað er til bréfs Húnavatnshrepps dags. 9. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matslýsingu.

Hér er um að ræða breytingu sem felur í sér að fjórum iðnaðarsvæðum verður bætt við aðalskipulag Húnavatnshrepps. Á þessum lóðum verða staðsett lón, stíflur, rennslis- og fráveituskurðir og tvö stöðvarhús. Einnig verður bætt við efnistökusvæðum.

Umhverfisstofnun telur að í umræddri lýsingu sé gerð grein fyrir þeim þáttum sem áhrifum muni valda og þeim umhverfisþáttum sem fyrir áhrifum verða vegna breytingar á aðalskipulagi Húnavatnshrepps.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda lýsingu.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur